Skólanámskrá
2026 – 2027

Menntun - Mannrækt

Nám og kennsla
2. bekkur

Umsjónarkennarar
Inga Bjarney Óladóttir
Kamilla Sól Viktorsdóttir

Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar 2
Viðmiðunarstundaskrá fyrir 2. bekk 3
Læsisstefna Njarðvíkurskóla 3
Námsmat 3
Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi 4
Íslenska 4
Stærðfræði 5
Samfélagsgreinar 6
Náttúrugreinar 6
Heimilisfræði 7
Hönnun og smíði 7
Sjónlistir 8
Textílmennt 9
Skólaíþróttir 10
Skólaval 11
Forskóli Tónlistarskóla Reykjanesbæjar 11
Listir 12

Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónarkennarar 2. bekkjar eru Inga Bjarney Óladóttir og Kamilla Sól Viktorsdóttir. Þriðji kennarinn er Hera Sigrún Ásbjarnardóttir. Heimastofur eru í stofum 210 og 211 . Stuðningfulltrúar eru Ásdís Björk Þorvaldsdóttir, Lára Hleiður Snorradóttir og Valur Þór Hákonarson.
Nemendur fá 30 kennslustundir á viku.

Aðrir kennarar:

- Íþróttir – Heiðrún Rós Þórðardóttir og Margrét Ólöf Richardsdóttir
- Sund – Ásgerður Bjarklind Bjarkadóttir
- Heimilisfræði – Anna Kristín Friðriksdóttir
- Textílmennt – Margrét Sigrún Þórólfsdóttir
- Hönnun og smíði – Pálína Særós Pálsdóttir
- Sjónlistir – Sara Símonardóttir
- Forskóli – Geirþrúður Bogadóttir

Viðmiðunarstundaskrá fyrir 2. bekk

- Íslenska – 7 kennslustundir
- Stærðfræði – 5 kennslustundir
- Samfélagsgreinar – 4 kennslustundir
- Náttúrufræðigreinar – 2 kennslustundir
- Íþróttir/sund – 3 kennslustundir
- List- og verkgreinar – 4 kennslustundir
- Upplýsingar- og tæknimennt – 1 kennslustund
- Smiðjur – 2 kennslustundir
- Forskóli / listgreinar – 2 kennslustundir

Samtals: 30 kennslustundir á viku

Læsisstefna Njarðvíkurskóla

Læsisstefna Njarðvíkurskóla er lifandi plagg í stöðugri þróun og endurskoðun. Læsisstefnan krefst sameiginlegrar sýnar þeirra sem fylgja henni eftir og vinna markvisst eftir stefnunni. Hún er höfð að leiðarljósi í skólastarfinu hjá nemendum í 1.-10. bekk. Læsisstefna lýsir ákveðnum stíganda í læsisnámi nemenda frá upphafi til loka grunnskólagöngu. Nálgast má Læsisstefnu Njarðvíkurskóla á heimasíðu Njarðvíkurskóla.

Viðmið í maí vegna orðafjölda í lesfimi. Fyrirlögn fer fram í september, janúar og maí.

90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
40	85	100

Lestrarlag nemanda út frá matsramma fyrir lesfimi er metið í september/janúar/maí (tjáning og raddstyrkur, hendingar, flæði og hraði). Í matsrammanum er merkt við í þann reit rammans sem lýsir frammistöðu nemanda á hverjum matsþætti fyrir sig. Nemandi getur fengið á bilinu 4–16 heildarstig úr rammanum og kemur fram umsögn samkvæmt því – sjá Læsisstefnu Njarðvíkurskóla.

Námsmat

Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið og tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í öllum námsgreinum. Náminu er skipt upp í námstímabil þar sem unnið er markvisst með ákveðin hæfniviðmið og námsmarkmið.

Námsgreinum er skipt upp í námstímabil og getur fjöldi þeirra og lengd verið mismunandi eftir námsgreinum og viðfangsefnum. Í upphafi hvers námstímabils er fyrirkomulag þess sýnilegt nemendum og forráðamönnum í námsumsjónarkerfinu Námfús. Þar koma fram helstu áherslur og hæfniviðmið námstímabilsins og þannig fá nemendur og forráðamenn skýra mynd af því hvað unnið verður með og hvernig fylgst verður með námi og framförum.

Lykilhæfni er samþætt námi og kennslu í öllum námsgreinum og unnið er markvisst að því að efla hana í fjölbreyttum námsaðstæðum. Lykilhæfni er meðal annars sýnileg í vinnubrögðum nemenda, sjálfstæði, samvinnu, ábyrgð, tjáningu, skapandi hugsun og nýtingu upplýsinga og miðla.

Leiðsögn til nemenda er fjölbreytt og fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið, meðal annars með verkefnum, samtölum, sjálfsmati, jafningjamati, athugunum og öðrum matsaðferðum sem henta hverju viðfangsefni. Áhersla er lögð á að leiðsögn styðji við nám og framfarir nemenda og veiti upplýsingar um stöðu þeirra á meðan á náminu stendur.

Í lok hvers námstímabils fer fram lokamat þar sem staða nemenda er metin með hliðsjón af þeim hæfniviðmiðum og námsmarkmiðum sem unnið hefur verið með á tímabilinu. Lokamat og einkunnagjöf byggja á matsflokkum hverrar námsgreinar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Undir hverjum matsflokki liggja þau hæfniviðmið sem unnið er með. Ekki er gefin sérstök einkunn fyrir hvert hæfniviðmið heldur er staða nemandans metin út frá heildinni innan hvers matsflokks og getur sami matsflokkur verið metinn á fleiri en einu námstímabili.

Í lok skólaárs er vitnisburður dreginn saman í eina lokaeinkunn fyrir hverja námsgrein út frá niðurstöðum matsflokkana yfir skólaárið og gefur þannig heildstæða mynd af námsframvindu og stöðu nemandans og veitir nemendum og forráðamönnum upplýsingar um stöðu, framfarir og næstu skref í námi.

Niðurstöður lokamats og vitnisburðar eru skráðar með talnaeinkunnum.

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast. Áherslur 2. bekkjar eru fjölskyldur, vinátta, örugg netnotkun, samþykki og einkalíf, mannréttindi, jafnrétti kynja og samskipti.

Íslenska

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í íslensku fyrir 1.-4. bekk í fimm þætti; Talað mál, hlustun og áhorf, lestur og lesskilningur, bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennsluefni og kennslugögn

- Lestrarbækur við hæfi hvers og eins
- Litla Lesrún (lesa – skilja – læra)
- Ritrún 1 og 2
- Skrift: Skrift 2a og ljósrit
- Orðasafnið mitt
- Ýmis ljósrit af vefnum, efni þar sem unnið er með ritun, skrift, lestur, lesskilning og málfræði. Efni til dæmis af www.skolavefurinn.is, www.kennarinn.is, www.fjolbreyttkennsla.is og www.utfyrirbokina.is og www.123skoli.is ásamt efni frá kennara (t.d. 100 algengustu orðin).

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir til að koma til móts við nemendahópinn, m.a. beina kennslu (innlagnir), sýnikennslu, endurtekna þjálfun, félaga- og hópavinnu, leiki, stöðvavinnu, útikennslu og umræður.
- Mikil áhersla verður lögð á lesfimi og lesskilning. Nemendur lesa daglega upphátt í skólanum og reglulega í hljóði í yndislestrarbók. Lesið verður daglega fyrir nemendur bæði til skemmtunar og fróðleiks.
- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara og einstaklingsinnlagnir.

Námsmat

- *Lesfimi* - prófað þrisvar á skólaárinu (september, janúar og maí) þar sem metin eru lesin orð á mínútu.
- *Lesskilningur* - leiðsagnarmat í október og námsmat í janúar og apríl. Meðaltal prófa í janúar og apríl gildir sem lokamat.
- *Málfræði* – leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir skólaárið.

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmið í stærðfræði fyrir 1.-4. bekk sett upp í fimm flokka; Vinnulag stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, tölfræði og líkindi og rúmfræði og mælingar. Unnið er með hvern flokk fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennsluefni og kennslugögn

- Sproti 2a, Sproti 2b og 3a - nemendabók og æfingahefti

- Ítarefni: Ljósrit frá kennara
- Námsspil og rafrænt efni t.d. af www.mms.is og ýmis forrit

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir til að koma til móts við nemendahópinn, m.a. beina kennslu (innlagnir), sýnikennslu, endurtekna þjálfun, félaga- og hópavinnu, leiki, stöðvavinnu, útikennslu og umræður. Nemendur fá tækifæri til að nota hlutbundin stærðfræðigögn s.s. kubba, teninga, málbönd o.fl.
- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara og einstaklingsinnlagnir.

Námsmat

- Leiðsagnarmat - lotukannanir jafnt og þétt yfir skólaárið.

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið sex flokka þ.e. vinnulag samfélagsgreina sem er gegnumgangandi í öllu námi í námsgreininni, sjálfsmynd, siðferði og trú, borgaravitund, saga og jörðin okkar. Litið er á öll hæfniviðmiðin sem samfellda heild þrátt fyrir þessa skiptingu.

Kennsluefni og kennslugögn

- Halló heimur 1 og 2
- Könnum kortin 1
- Vináttuverkefni Barnaheilla – Blær
- Hugarfrelsi – hugleiðsla, sjálfsstyrking, jóga, öndun og slökun
- PBS kennsla – stuðningur við jákvæða hegðun
- Barnasáttmálinn
- Ítarefni: Gleðiskruddan

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Fjölbreyttar kennsluaðferðir t.d.: umræður, hópa- og einstaklingsvinna, vettvangsferðir, útikennsla, stöðvavinna, skapandi vinna og samþætting við aðrar námsgreinar.
- Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í kennslustundum og fái að njóta sín og taka þátt á eigin forsendum.

Námsmat

- Ekkert námsmat en notum kennslustundir og námsefni til að meta lykilhæfni.

Náttúrugreinar

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í náttúrugreinum í sex flokka; vinnulag náttúruvísinda, umhverfið, lífið, efnin, orkan og alheiminn. Unnið er með þessa flokka sem eina heild út skólaárið.

Kennsluefni og kennslugögn

- Halló heimur 1 og 2
- Ítarefni: Komdu og skoðaðu hafið, ýmis verkefni af netinu sem tengjast umhverfinu, vefsíðurnar Fuglavefurinn og Fjaran og hafið, fræðslumyndbönd og ýmis forrit.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Fjölbreyttar kennsluaðferðir t.d. umræður, hópa- og einstaklingsvinna, vettvangsferðir, útikennsla, stöðvavinna, skapandi vinna og samþætting við aðrar námsgreinar.
- Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í kennslustundum og fái að njóta sín og taka þátt á eigin forsendum.

Námsmat

- Ekkert námsmat en kennslustundir notaðar til að meta lykilhæfni.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum í heimilisfræði skipt í þrjá flokka; verklag, lífshættir og menning og umhverfi. Í heimilisfræði má finna tengingu á milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Því er kennslan samþætt með ofangreindum þáttum en opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) eru hafðar til hliðsjónar. Nemendur fá kennslu í að matreiða og baka á fjölbreyttan hátt og þekkingu á þeim næringarefnum sem tilheyra hverjum fæðuflokk.

Kennsluefni og kennslugögn

- Heimilisfræði 2 ásamt ljósrituðu efni frá kennara.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Kennari og/eða stuðningsfulltrúi aðstoða nemendur sem þurfa á því að halda. Unnið er bæði í einstaklingsvinnu og hópavinnu, bæði verklega og bóklega.

Námsmat

- Nemandinn er metin út frá bók- og verklegri frammistöðu í tímum.

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í þrjá flokka sem eru; verklag, sköpun, hönnun og tækni og menning og umhverfi. Kennsla í hönnun og smíði á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Það getur falið í sér að endurgera og breyta hugmynd eða hlut, t.d. með tilliti til útlits eða virkni, vinna með eitthvað nýtt og áður óþekkt. Í hönnunarkennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt.

Kennsluefni og kennslugögn

- Hugmyndir af netinu, hugmyndabanki fyrir 1.-4. bekk. Byrjað er á því að vinna með við, s.s. krossvið, MDF, furu, stundum annað sem fellur til. Áhöld sem hæfa hverju verkefni fyrir sig. - sandpappír, sög, málningu, hamar og fleira.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Sýnikennsla, einstaklingskennsla, umræður og samvinnunám.

Námsmat

- Byggist á símati kennara á vinnu nemenda. Kennari fylgist með ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans.

Sjónlistir

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skiptat hæfniviðmið í sjónlistum í þrjá flokka sem eru; sköpun, greining og úrvinnsla og menning og umhverfi. Í sjónlistum fá nemendur að skapa og tjá sig með myndum og ólíkum efnivið. Þeir vinna með eigin hugmyndir, tilfinningar og ímyndunarafl og læra að skoða og ræða eigin verk og verk annarra. Nemendur kynnast einföldum hugtökum í myndlist og tengja hana við eigið umhverfi, reynslu og daglegt líf.

Kennsluefni og kennslugögn

- Kennd eru grunn atriði í teikningu ásamt frjálsri teikningu. Farið er í formin og hvar þau leynast í umhverfinu. Kennd eru grunn atriði í málun ásamt frjálsri málun. Kennd er litablöndun með ólíkum litum og útkomum. Notast er við myndlistarvörur sem tengjast þessu ásamt efni á neti og listabækur.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Umræður, hópavinna, einstaklingsvinna. Nemendur taka virkan þátt í upplifun og könnun á viðfangsefnum hverju sinni. Þau fá góða innlögn og kynningu á viðfangsefninu þannig að námsaðlögunin þróast hratt frá upphafi að lokaverki. Nemendur forvinna oftast hugmyndir á maskínupappír, klára hana þar og læra svo að stækka hugmyndina á annað blað. Nemendur verða meðvitaðri um form í umhverfinu, hlutverki þeirra og víkka þannig sýn sína.

Námsmat

- Símat kennara á vinnu nemenda. Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans. Ábyrgð á umhverfi þar sem nemandi þrífur og gengur frá eftir sjálfan sig og hugar á umhverfisábyrgð sinni. Viðmót gagnvart starfsfólki og öðrum nemendum.

Textílmennt

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í textílmennt í þrjá flokka; verklag, sköpun, hönnun og tækni og menning og umhverfi. Í öðrum bekk eru nemendur aðalega að þjálfa, fínhreyfingar, æfa sig með verkfæri sem tilheyra greininni og vinna í samvinnu með öðrum nemendum. Einnig að þau tileinka sér þrautseigju og elju. Þá er tekið mið af hæfileikum og getu nemandans og stuðlað að jákvæðu viðhorfi til sköpunar. Unnin eru verkefni þar sem nemendur fá tækifæri til að njóta sín og tjá sig með efnisvali eða skreytingum á verkefnum.

Kennsluefni og kennslugögn

- Ljósrit í myndformi af verkefninu. Unnið með felt-efni, perlugarn, tölur, nál m/oddi og skæri.
- Aukaverkefni puttaprjón og dúskagerð.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Bein kennsla, þar sem kennarinn útskýrir verkefnið fyrir nemendum.
- Leiðsagnarnám, þar sem nemandinn fær að njóta sín í verkefnavinnunni en getur leitað leiðsagnar hjá samnemendum eða kennaranum ef með þarf.
- Samtal og umræður, þar sem nemendur ræða sín á milli um verkefnavinnuna.
- Þeir nemendur sem klára verkefnin sín fyrr fá aukaverkefni.
- Þeir nemendur sem vinna hægar fá auka aðstoð.

Námsmat

- Námsmatið er út frá verklegum einstaklingsverkefnum og símati kennara á vinnu nemandans ásamt því að veita uppbyggilega endurgjöf.

Upplýsinga- og tæknimennt

Hæfniviðmið

Í upplýsinga- og tæknimennt eru hæfniviðmið aðalnámskrár sett fram í fjórum flokkum en mikilvægt er að líta á þau sem heild. Hæfniviðmiðin eru upplýsinga- og miðlalæsi, sköpun og miðlun, stafræn borgaravitund og lausnaleit.

Kennsluefni og kennslugögn

- Spjaldtölvur
- Námsvefir t.d. vefur Menntamálastofnunar - www.mms.is/krakkavefir, umferðarvefurinn, vefsíður og leitarvélar til dæmis google maps og google og ýmis forrit og leikir í spjaldtölvum.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Sýnikennsla og sjálfstæð vinnubrögð. Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í kennslustundum. Að allir fái það svigrúm að taka þátt á sínum forsendum.

Námsmat

- Ekkert námsmat en notum kennslustundir og námsefni til að meta lykilhæfni.

Skólaíþróttir

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá eru hæfniviðmiðin sett fram undir fimm mismunandi flokkum; líkamsvitund, færni og afkastageta, félagslegir þættir, heilsa og heilsuefling, öryggi og hreinlæti og sund. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennsluefni og kennslugögn

- Öll áhöld íþróttahús og sundlauga.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu.
- Para og/eða hópaverkefni þar sem fleiri nemendur vinna saman í hópum. Dæmi um para-/hópaverkefni er þegar nemendum er skipt upp í lið eða hópa í hreyfileikjum eða þegar tveir nemendur eru látnir vinna saman í stöðvaþjálfun.
- Nemendur sem eru með slakari færni fá fleiri endurtekningar og æfingar brotnar meira niður. Nemendur sem eru með betri færni fá flóknari æfingar og fara lengri vegalengdir.

Námsmat

Íþróttir – hæfni metin: með tölustöfum.

- Hæfni í eftirfarandi verklegum þáttum verður metin: Hlaupapróf, sipp, liðleiki, jafnvægi, kollhnís, langstökk án atrennu, kasta bolta og grípa grjónapoka.
- Viðhorf og virkni verður metin.

Sund - nemendur fá einkunn í tölustöfum

- Hæfnimat í formi verklegra prófa jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur þurfa að ná hæfni í að minnsta kosti þremur af fjórum hæfniþáttum í verklegum prófum.
    1. Marglyttuflot með því að rétta úr sér.
    2. 12 m bringusund með eða án hjálpatækja.
    3. 12 m skólabaksundsfótatök með eða án hjálpartækja.
    4. 12 m skriðsundsfótatök
    5. 50 m þolsund
    6. Spyrna frá bakka og renna með andlit í kafi, að lágmarki 2,5 metrar.
    7. Viðhorf og virkni

Skólaval

Hæfniviðmið

Nemendum er ýmist skipt í hópa innan árgangs eða með 1. bekk. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Verkefnin eru til dæmis áhugasviðsval, útistöðvar, jólaval, bókagerð og leikir.

Kennsluefni og kennslugögn

- Fjölbreytt og breytilegt eftir því hvað er verið að vinna að hverju sinni.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Stöðvarnar eru ólíkar og því eru kennsluhættir margvíslegir. Kennsluhættir eru til dæmis tjáning, hópavinna, spil, leikir, útikennsla, vettvangsferðir, sýnikennsla og uppgötvunarnám. Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur og að allir fái það svigrúm að taka þátt á sínum forsendum.

Námsmat

- Ekkert námsmat.

Forskóli Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Hæfniviðmið

Forskóli Tónlistarskóla Reykjanesbæjar (TR) er skyldunám allra nemenda í 2. bekk í grunnskólum Reykjanesbæjar. Kennt er í litlum hópum, tvær kennslustundir á viku. Forskólanám er samþætt byrjendanám í tónfræðagreinum. Nemendur fá alhliða þjálfun í tónlist og sköpun. Hlustun, söngur, hryn þjálfun, hreyfing og hljóðfæraleikur á skólahljóðfæri eru meðal þeirra þátta sem unnið er með. Einnig læra nemendur á blokkflautu og þurfa að æfa sig heima daglega. Stórtónleikar eru haldnir á vorönn í Stapa, í samstarfi við Lúðrasveit TR. Unnið er út frá hæfniviðmiðum forskóla Tónlistaskóla Reykjanesbæjar. Hæfniviðmiðin eru markvisst tekin fyrir, allt skólaárið, með fjölbreyttum kennsluaðferðum.

Kennsluefni og kennslugögn

- Blokkflauta, skólahljóðfæri og óhefðbundnir hljóðgjafar
- Hljóðfæri v/hljóðfærakynninga
- Ýmislegt efni af veraldarvef
- Fjölbreytt hlustunarefni
- Námsbækur, sögubækur og ljóðabækur
- Ýmis verkefni frá kennara

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Söngur
- Hljóðfæraleikur
- Hljóðfærakynningar
- Hlustun
- Sköpun
- Hreyfing
- Leikir
- Einstaklingsvinna
- Hópavinna

Námsmat

- Námsmat er á formi símats með tilliti til hæfniviðmiða Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

Listir

Hæfniviðmið

Í Aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum lista skipt í sköpun, samskipti, menningu og umhverfi. Námsgreinin er bæði kennd aðgreind en einnig er leitast við að samþætta við aðrar námsgreinar.

Kennsluefni og kennslugögn

- Leiklist í kennslu, efni tengt Leikgleði
- Ýmsir vefir, tónlist, myndbönd
- Pappír, listavagnar, búningar, tölvur/spjaldtölvur, spil og fl.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Kveikja, umræður, verkefnavinna, spuni, útikennsla og einstaklings- og hópavinna. Samþætting við aðrar námsgreinar. Áhersla á frumkvæði og sköpun. Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í kennslustundum. Að allir fái það svigrúm að taka þátt á sínum forsendum.

Námsmat

- Ekkert námsmat en notum kennslustundir og námsefni til að meta lykilhæfni.